

SKÓGARVÖRDURINN Á NORDURLANDI

STARFSSKYRSLA FYRIR ÁRID 1990.

Sigurður Skúlaason

1. VEDURFAR ÁRSINS.

1.1. Tíðarfarsyfirlit.

Í janúar voru vindáttir breytilegar, þó voru austlægur og norðlægur áttir tíðar, en umhleyfingar algengir. Hámarkshiti mældist 4.9 stig, 1. janúar. Lágmarkshiti var -10.2 stig, 16. janúar. Meðalsnjódýpt var 110 cm, mest 145 cm., 29. janúar.

Í febrúar voru norðlægur áttir tíðastar. Úrkoma var mikil og umhleyfingar algengir. Úrkomumalir fóru í kaf dagana 11, 25 og 26. ~~janúar~~ og varð þá að beta við mælistiku. Mikinn bleytusnjó setti niður aðfaranótt 4. febrúar og sligaðist þá eitt af þremur stóru góðurhásunum á Vöglum undan þunganum og er það alónýtt. Hámarkshiti mældist 3.6 stig, 1. febrúar og lágmarkshiti var -19.6 stig, 28. febrúar, sem var mesta frost sem mældist 1990. Meðalsnjódýpt var 152 cm., mest 200 cm. 27. febrúar.

Í mars voru suðlægur áttir tíðastar, þó bar nokkuð á norðlægum áttum. Svællalög voru tíð á vegum og færð viðsjárverð. Hámarkshiti mældist 6.2 stig, 25. mars og lágmarkshiti -13.5 stig, 10. mars. Meðalsnjódýpt var 174 cm., mest 192 cm., 1. mars.

Í apríl bléðu vindar af svipuðum áttum og í mars, eða sunnan og norðanáttir til skiptis. Hámarkshiti mældist 6.2 stig, 20. apríl og lágmarkshiti var -17.7 stig, 4. apríl. Meðalsnjódýpt var 150 cm. mest 162 cm. 1., 2. og 6. apríl. Mikið skaraveður gerði 20. apríl af suðvestri og brotnuðu tré og börkur skemmdist víða af þeim sökum.

Í maí voru breytilegar áttir. Hámarkshiti mældist 17.0 stig, 27. maí og lágmarkshiti var -1.3 stig, 9. maí. Meðalsnjódýpt var 73 cm., mest 129 cm. 1. maí. Frost mældist 7 sinnum við jörð í maí. Birki byrjar að bruma 20. maí og komið með grænan lit 30. maí. Lerki farið að bruma 24. maí og orðið hálfútsprungið 29. maí.

Í júní voru vindáttir breytilegar en hagar. Mest bar á hægri norðanátt og sunnanátt. Hámarkshiti var 21.0 stig, 12. júní en lágmarkshiti var 0.9 stig, 26. júní. Frost mældist 3 sinnum við jörð í júní, mest -1.1 stig, 5. júní. Gránaði í fjöllum 26. júní. Birki orðið fullútsprungið 4. júní. Lerki algrænt 1. júní. Úthagi algrænt 13. júní.

Í júlí voru suðlægur áttir algengastar og logn alloft. Hámarkshiti mældist 24.1 stig, 14. júlí, sem var mesti hiti sem mældist 1990. Lágmarkshiti var 2.3 stig, 12. júlí. Sláttur var víðast hvar hafinn í Fnjóskadal 16. júlí. Frost mældist 1 sinni við jörð í júlí, -0.6 stig., 4. júlí.

Í ágúst var austanátt algengust. Hámarkshiti mældist 20.6 stig, 9. ágúst. Lágmarkshiti var 1.4 stig, 19. ágúst. Frost mældist 1 sinni við jörð -0.7 stig, 19. ágúst. Stöku greinar á birki farnar að eðlna, 9. ágúst.

Í september var suðvestlæg átt tíðust, þó var norðanátt upp úr miðjum mánuði og snjóaði þá nokkuð og mældist snjódýpt mest 25 cm. 21. sept. Snjó þennan tók fljótt upp, en þetta hret tafði smalamennsku hjá bændum og varð að fresta göngum á Flateyjarðal um viku. Hámarkshiti mældist 15.1 stig, 9. sept. og lágmarkshiti var -4.2 stig, 25. sept. Frost mældist 6 sinnum við jörð fram að 20. sept., mest -6.6 stig., 20. sept.

Í október voru breytilegar áttir en mest bar á norðan og norðvestan áttum. Hámarkshiti mældist 9.3 stig., 21. okt. og lágmarkshiti var -8.9 stig., 16. okt. Snjór mældist 27 daga í október, mest 35 cm., 17. okt.. Meðalsnjódýpt var 29 cm. í október. Birki talið alsólnað og lauf að hálfu fallið af 1. okt. Birki lauflost 9. okt. Lerki orðið algult 7. okt. og talið barriast 21. okt.

Í nóvember var suðaustanátt algengust. Hámarkshiti mældist 10.2 stig, 6. nóv. og lágmarkshiti var -9.6 stig, 2. nóv. Snjór mældist í 22 daga í nóv, en var fremur lítil, mældist mest 10 cm. 23. nóv.

Í desember voru suðlægar áttir tíðastar, og veður oft mjög milt. Hámarkshiti mældist 12.4 stig, 13. desember og lágmarkshiti var -16.7 stig, 20. desember. Snjór mældist í 24 daga í desember, mest 18 cm., 27 - 29. desember.

1.2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 1990.

	<u>Meðalhiti C</u>		<u>Úrkoma mm.</u>	
Janúar	-2.14	(-2.62)	195.4	(92.2)
Febrúar	-3.91	(-5.51)	277.4	(149.4)
Mars	-4.61	(-3.24)	45.6	(142.9)
Apríl	-1.92	(-0.87)	27.1	(79.1)
Maj	5.86	(3.30)	16.3	(22.5)
Júní	9.22	(8.91)	26.7	(8.1)
Júlí	11.65	(11.41)	13.7	(35.7)
Ágúst	9.61	(8.75)	53.3	(79.6)
September	4.58	(5.53)	63.8	(80.9)
Oktober	1.86	(2.14)	112.2	(32.0)
Nóvember	-0.03	(-1.79)	62.9	(43.8)
Desember	-2.28	(-2.77)	55.3	(103.2)
Árið	2.32	(1.93)	949.7	(889.4)

Tölur í svigum sýna hita og úrkomu 1989.

1.2.1. Meðalhiti í júní - september.

Meðalhiti í júní til september var 8.77 stig, en var 8.65 stig sömu mánuði 1989.

1.3. Hitastig undir frostmarki við jöcá 10. maí - 20. sept.

12.5.	-1.0	30.6.	-0.1
15.5.	-2.8	04.7.	-0.8
17.5.	-2.5	19.8.	-0.7
18.5.	-0.3	14.9.	-1.4
23.5.	-0.9	16.9.	-0.3
24.5.	-2.9	17.9.	-2.6
26.5.	-2.2	18.9.	-0.4
05.6.	-1.1	19.9.	-2.4
28.6.	-0.7	20.9.	-6.6

1.4. Tafla yfir hámarks hita yfir 20 stig.

12.6.	21.0	27.7.	20.9
14.7.	24.1	28.7.	21.9
15.7.	20.2	09.8.	20.6
25.7.	21.1		

Measta frost 1990 mældist 28.2. -19.8 stig.

2. V Ö X T U R O G Þ R I F T R J Á G R Ó D U R S.

2.1. Laufgun og lauffall.

Birki byrjaði að bruma 20. maí og var allaufsað 4. júní. Lerki farið að bruma 24. maí og orðið algerent 1. júní. Birki orðið alþlánað 1. okt. og laufflaust 9. okt. Lerki algult 7. okt. og orðið barðlaust 21. okt.

2.2. Fræfall.

Fræ var ekki mikið þetta ár og ekki var safnað nema lítills háttar af birkifræi.

2.4. Skaðar.

Skaðar voru ekki miklir þetta ár á trjágróðri. Þó sá nokkuð á trjám sem snúa móti suðvestanátt vegna skaraveðurs, sem gerði 20. apríl. Svólitið bar á skaða eftir rjúpu í gróðrarstöðvunum á Vöglum og Laugabrekku. Snjóflóð féll á eyðri hluta skógarins á Sandhaugum í Bárðardal, en skemmdir voru ekki eins miklar og leit út fyrir í fyrstu.

3. STARESEDLK.

Starfsfólk var að mestu það sama og undanfarin ár. Ráðskona á Vöglum var Karitas Jóhannsdóttir frá Reykjum II í Hálsahrepp. Verketjóri á Vöglum var eins og áður Guðni P. Arnþórsson og í Laugabrekku Marta Svavarsdóttir.

Sumarfólk var heldur fleira á Vöglum en síðustu ár vegna tilmála frá ráðuneyti um vinnu fyrir unglinga.

Laun og launatengd gjöld voru alls kr. 14.511.148.-, sem skiptust þannig: BSRB laun kr. 1.444.547.-, Dagpeningar kr. 72.156.-, Akstur kr. 221.961.-, AGI laun kr. 12.772.462.-.

4. GIRÐINGAR.

4.1. Viðhald.

Viðhald girðinga var í lágmarki eins og síðasta ár, aðeins gert við það nauðsynlegasta. Skipt var um talstvert af staurum í girðingu um Stórhöfða, Skuggabjörg og Vagli á Belamörk.

Rifinn var hluti af Þórðarstaðagirðingu, uppi á fjalli, og fengust þar nýtanlegir járnstaurar.

Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 254.056.-, samtals 579 vinnustundir. Kostnaður við umsjón og smölun var kr. 166.055.- samtals 290 vinnustundir, þar af mest vegna Þórðarstaðagirðingar kr. 140.432.-, 231 vinnustund.

Í Stórhöfðagirðingu og Skuggabjörg fóru 144 staurar.

Í Vaglaskógagirðingu fóru 3 tréstaumar, 26 járnstaurar notaðir, 2 rúllur vírnet 100 m. og 2 rúllur gaddevír.

Í Vagli á Belamörk fóru 45 staurar, 6 fet og 45 staurar, 5 fet.

4.2. Nýgirðingar.

Unnið var við nýgirðingu á Þórðarstöðum, áframhald við girðingarstöði frá fyrra ári. Jaróyta Skógræktar ríkisins var notuð við verkið og var Einar Bjarnason ýtustjóri.

Laun og launatengd gjöld vegna Þórðarstaðagirðingar voru kr. 246.450.-, 514 vinnustundir. Annar kostnaður var kr. 352.956.-

5. SKÓGARHÖGG.

5.1. Viður.

Skógarhögg fór fram að mestu leyti í Þórðarstaðaskógi (úr girðingastæði og vegaslóðum) og Vaglaskógi. Grisjuð var stafafura í Þórðarstaðaskógi, sem gróðursett var 1964 (innanlandskvami), og verður hún nýtt í girðingastaura. Snorri Sigurðsson og Þórarinn Benediktz tóku þátt í upphafi á grisjun á stafafurunni, og gerðar voru malingar í málireitum, áður en grisjun hófst.

Falldur viðurni

Birki	ca. 125.0 tonn
Lerki	" 2.5 "
Fura	" 0.0 "

5.1.1. Sala girðingarstauna.

Engir girðingastaurar voru seldir árið 1990.

5.1.2. Viðarsala

Arinviður	3.617	pk.
Smíðaviður	147	m.
Reykjarviður	53.980	kg.
Birkikurl/flís	1.721	kg.
Plattar	2.251	stk.

5.1.3. Birgðir í árslok.

Arinviður unnið	ca.	675	pk.	
Arinviður óunnið	"	1.000	pk.	
Plattar		2.187	stk	
Birkikurl	69	pk.	1.750	kg.
Stafafura óunnið		8.000	kg.	
Smíðaviður		834	m.	

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 3.516. Laun og launatengd gjöld kr. 1552.887.-.

5.2. Jólatré

Jólatré voru felld í nóvember og desember. Alls voru felld 1.403 jólatré á eftirtöldum stöðum.

	<u>Rauðgr.</u>	<u>Stafaf.</u>	<u>Ejallab.</u>	<u>Blágr.</u>	<u>Samtals</u>
Ásbyrgi	26				26
Felleskógur	653		200	72	925
Reykjarhóll		120			120
Sigríðarstaðaskógur	146			1	147
Vaglaskógur	53	45		8	106
Pórðarstaðaskógur	54	21		4	79
Allt	932	186	200	85	1.403

Keyptir voru 30 Norðmannspínir, sem allir seldust. Af felldum og aðkeyptum jólatrjúm seldust 1.392 stk. Önnur fóru til starfsmanna og í frákast.

Seld tré:

<u>Stærð</u>	<u>Rauðgr.</u>	<u>Stafaf.</u>	<u>Blágr.</u>	<u>Fjallab.</u>	<u>Norðm.b.</u>	<u>Samtals</u>
070-100	73	25	15	22		135
101-125	291	54	27	73	10	445
126-150	318	71	35	61	20	505
151-175	150	20	6	25		201
176-200	54	3	3	6		66
201-250	19	1	2	2		24
251-300	8		1			9
301-400	4					4
401-500	3					3
<u>Alls</u>	<u>910</u>	<u>174</u>	<u>89</u>	<u>189</u>	<u>30</u>	<u>1.392</u>

Engar sölufærðir voru farnar, aðeins seld tré í smásölu í gróðrarstöðvum á Vöglum og Laugabrekku.

Laun og launatengd gjöld v/töku, flokkunar og afhendingar jólatrjáa og greina var kr. 440.422.-, 589 vinnustundir. Annar kostnaður var kr. 612.-. Alls kr. 441.034.-.

Tekjur skiptust þannig:

	<u>Sala</u>	<u>Aðkeypt</u>	<u>Mismunur</u>
Jólatré	1.444.389	43.157	1.401.232
Innfl. og ísl. greinar	124.468	66.144	58.324
Annað	1.912		1.912
<u>Alls</u>	<u>1.570.769</u>	<u>109.301</u>	<u>1.461.468</u>

6. GRÓÐRARSTÖÐ.

6.1. Fræplöntur.

Fræsáning fór fram í fyrri hluta júní. Sáð var í 2 dúkhús og 1 stórt hús á Vöglum. Sáð var birki, rússalerki og stafafuru í FP60 (alls 3160 bakka) og birki, blágreini, fjallapín, mýranlerki, rauðgreini og stafafuru í 115 m² í beð. Sáning tókst vel.

6.2. Dreifsetning.

Dreifsetning fór fram í júní og júlí. Dreifsettar voru 24.800 plöntur í beð, vafðar í múband 94.770 plöntur í apríl og maí, stungið 48.762 viðargræðlingum í beð og 11.060 í FP35 í júní og júlí. Dreifsetning tókst samlega og ræting græðlinga allgóð.

6.3. Garðplöntur.

Garðplöntur voru seldar fyrir kr. 3.846.064.- og afh. styrkir fyrir kr. 121.603.-

Stungið var 11.640 sumargræðlingum og pottaðar 10.059 plöntur. Seldar og afhentar voru 41.391 garðplöntur og til sölu eru áttlaðar 83.668 plöntur 1991.

6.4. Afhending skóglantna.

Afhentar voru 101.844 plöntur úr gróðrarstöðvum.

Seldar skógarplöntur	Kr. 1.204.360
Millif. og styrkir	" 1.641.305
Afh. skógl. í eigin skógl.	" 535.244
Alla	Kr. 3.380.911

6.5. Illgresiseyðing.

Illgresiseyðing var svipuð og síðustu ár. Sprautað var með Rondup á opin svæði og þar sem hægt var. Lyfið Gesatop, sem notað hefur verið á dreifsetningar, fékkst ekki keypt og var því mjög mikið illgresi í dreifsetningum og varð að handreita þar, en það gafst illa og má búast við að nokkur afföll verði á plöntum vegna þess að þar losna þegar illgresið er reitt. Mikilvægt er því að fá lyfið Gesatop fyrir næsta sumar, því ef það fæst ekki, tel ég hæpið að dreifsetja plöntur í beð.

6.6. Nýframkvæmdir.

Nýframkvæmdir voru þar helstar, að keypt voru 3 líntrésgróðurhús frá Flóðum, um 100 m² hvert. Tvö þeirra voru reist 1990, en eitt verður reist 1991. Ekki var byrjað á endurbyggingu á gróðurhúsi, sem féll í febrúar, en það þarf nauðsynlega að hefja framkvæmdir við endurbyggingu þess á árinu 1991, ef skógarplöntuframleiðsla á að vera óbreytt.

6.8. Kostnaður

Laugabrekka	Kr	Vinnustundir
Plöntuuppeldi almennt	316.501	773
" skógplöntur	140.514	339
" garðplöntur	<u>429.830</u>	<u>915</u>
Alls	886.845	2.027

Vaglin

Plöntuuppeldi almennt	14.184	31
Verketjörn	703.302	1.250
Fridagavaktir	69.244	78
Raktunarbúnaður	318.531	737
Umhirða	72.726	177
Jarðarbatur	40.551	78
Vetrarumbúnaður almennt	26.422	54
Skógplöntur almennt	107.024	313
Sáning skógplantna	29.154	47
Dreifsetning berrótarpl.	75.279	222
Móbandsplöntur	286.250	693
Uppt. meðf. afgr. skógpl.	239.048	666
Vetrarumb. skógplantna	87.043	201
Fjölþottar almennt	41.648	86
Fjölþottar moldarfylling	114.266	424
Fjölþottar sáning	139.443	396
Fjölþottar grísjun	71.997	212
Fjölþottar umhirða	135.964	418
Fjölþottar afhending	36.063	88
Fjölþottar vetrarumb.	84.089	180
Garðplöntur almennt	4.395	9
Stiklingar útiræktun	128.173	356
Stiklingar inniræktun	132.105	299
Garðplöntur beðplöntur	169.418	442
Garðplöntur þottaplöntur	964.789	2.520
Hnauspl. í gróðrarstöð	51.808	124
Sala garðplantna	230.039	419
Vetrarumb. garðplantna	<u>37.868</u>	<u>84</u>
Alls	4.410.823	10.604

Samtals Laugabr. og Vöslum 5.297.668 12.631

Z. GRÓÐURSETNING.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjölda.

	<u>Tegundir</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Nr.</u>	<u>Fjöldi</u>
Reykjarhóll	Alaskaösp				348
	Alaskav. br.				413
	Körfuviðir				30
	Viðja				270
	Stafafura	1/2	Taraldsöy		680
	Birki	2/2	Mörk Hall	C 150	<u>980</u>
				<u>2.724</u>	
Reykjarhóll v/heitt vatn	Stafafura	1/2	Taraldsöy		500
	Birki	2/2	Mörk Hall	C 150	250
	Blágreini	1/2	Rio Grande	862182	<u>250</u>
				<u>1.000</u>	
Skuggabjörg	Stafafura	2/2	L.Laberse	C 178	<u>3.268</u>
Pórðarst.sk.	Rauðgreini	2/3	Moen	C 111	5.950
	Blágreini	1/2	Rio Grande	862182	<u>2.670</u>
				<u>8.620</u>	
			<u>Alle</u>		<u>15.594</u>

Gróðursetning fór fram í júní og júlí og lítilsháttar í endaðan ágúst. Laun og launatengd gjöld v/gróðursetningar voru kr. 104.044.- alle, 279 vinnustundir.

8. HIRÐING PLANTNA.

Unnið var við umhirðu plantna í Fellsakógi, Vaglaskógi og Reykjarhól. í Vaglaskógi var klippt frá fjallapin og form hans lagað. í Fellsakógi vann Friðgeir Jónsson, eins og undanfarin ár, við grísjun og umhirðu í jólatrésreitum okkar þar. í Reykjarhól var klippt lítilsháttar frá plöntum og klipptir tvítoppar.

Vaglaskógur 39 tímar kr. 15.932
Fellsakógur 278 tímar kr. 132.148
Reykjarhóll 72 tímar kr. 33.375

9. BYGGINGAR.

Engar nýbyggingar voru byggðar á þessu ári, nema þau bogagróðurhúsa sem nefnd voru í kafla um nýframkvæmdir. Viðhald á húsum var nokkurt. Gert var við klæðningu á húsi í Laugabrekku og gengið frá lóð þar. Gert var við þak á Furuvöllum, sett var nýtt lag ofan á eldra þak og einangrað á milli. Skógarvarðarbústaðurinn á Vöglum II var málaður að utan.

10. VÉLAR OG VERKFERI.

Viðhald véla og verkfæra var svipað þetta ár og síðustu ár. Gert var við það sem nauðsynlega þurfti. Gert var við mótur í Massey Ferguson dráttarvél á Vöglum, skipt um stimpla og slífar. Smíðaðar voru hillur í flutningavagn, hannaðar fyrir bakkaflutninga og keypt voru dekk undir vörubíl. Það óhapp skeði að rússajeppe P-4089, valt í mikilli háiku, við bæinn Viðivelli í Fnjóskadal, 6. mars. Bíllinn var talinn það mikið stemmdur og gamall, að ekki bótti borga sig að gera við hann, og var hann því seldur. Keyptur var nýr bíll af gerðinni Toyota Hilux. Bíll þessi hentar mjög vel hér, bæði vegna ferðalaga og flutninga. Nú þarf nauðsynlega að endurnýja Lapplander bifreið, árgerð 1981, og fá í hennar stað bíl til fólksflutninga í undzminu.

11. NYTJASKÓGAR Á EÚJÖRDUM.

Í S-Þingeyjarsýslu var gróðursett á eftirtöldum jörðum:

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjölda.

	<u>Tegundir</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Nr.</u>	<u>Fjöldi</u>
Breiðamýri	Stafafura	2/2	L.Laberge	C 178	800
	Rússalerki	1/1	Imatra	862193	4.000
	Rússalerki	2/0	Imatra	862193	2.500
					<u>7.300</u>
Laugafell	Stafafura	2/2	L.Laberge	C 178	800
	Rússalerki	1/1	Imatra	862193	1.000
					<u>1.800</u>
Narfastaðir	Stafafura	2/2	L.Laberge	C 178	800
	Rússalerki	1/1	Imatra	862193	2.000
	Rússalerki	2/0	Imatra	862193	2.500
					<u>5.300</u>
Jódísarstaðir	Stafafura	2/2	L.Laberge	C 178	800
	Rússalerki	1/1	Imatra	862193	4.000
	Rússalerki	2/0	Imatra	862193	2.500
					<u>7.300</u>
Lindarhlið	Alaskaðesp	1/0	C 06		800
	Rússalerki	1/1	Imatra	862193	4.000
	Rússalerki	2/0	Imatra	862193	2.500
	Stafafura	2/2	L.Laberge	C 178	800
					<u>8.100</u>
Laugaból	Alaskaðesp	1/0	C 06		200

Alle 30.000

Auk þess voru gróðursettar 10.000 stafafuruplöntur, sem voru batur, vegna affalla á plöntum 1989. Í Skagafirði voru gróðursettar á Egilsá 4035 plöntur. Gróðursetning fór fram um mánaðarmótin júní/júlí og svo hausteróðursetning um mán.mótin ágúst/sept. í S-Þing. og Skagafirði. Bændur fengu plöntur endurgjaldsalaust og sáu sjálfir um gróðursetningu. Styrktar voru girðingar á Egilsá í Skagafirði og Hrafnstöðum í S-Þing. Framkvæmdir við nytjaskóga í Eyjafirði voru í höndum Skf. Eyfirðinga eins og undanfarin ár. Gróðursettar voru 103.340 plöntur fyrir fé af fjárveitingu auk plantna sem bændur keyptu sjálfir, alls 109.915 plöntur. Umsjón og verkætjörn í Eyjafirði annaðist Brynjar Skarphéðinsson.

12. Y M I S L E G I.

12.1. Ferðalög og fundarhöld.

Ferðalög og fundarhöld voru þessi helst á árinu.

03.01 Fór til Reykjavíkur. Var m.a. við setningu Uppgæðsluskóga á Kjarvalsstöðum 7. jan.

25.01 Fór austur í Egilsstaði til að vera við víslu Aðalskrifstofu og formlegan flutning S.R. til Egilsstaða.

22.02 Fór suður til Rvíkur. Sat ráðstefnu Fólaga náttúrufraðinga 23.febr. og fulltrúafund Skf. Íslands 24.febr.

03.04-06.04 Fór austur í Egilsstaði á starfsmannafund S.R.

09.05 Fundur á Furuvöllum. Endurvakning Skf. Fnjóskdala.

10.05 Fundur hjá Garðyrkju- og skógræktarfélagi. Mývatnesveitar. Svareð fyrirspurnum og sýndar myndir.

12.05 Aðalfundur Skf. Eyfirðinga og síðan hátiðisfundur v/60 ára afmælis félagsins.

23.08 Aðalfundur Skf. S-Þing. á Húsavík.

31.08-01.09 Sat aðalfund Skf. Íslands á Flúðum.

12.07 Fór með skógræktarstjóra, Jóni Loftssyni, um Á-Múnav.eyслу og Skagafjörð. Komum við í Vatnsdal, Blönduósi, Varmahlíð og Egilsá.

13.07 Fór með Jóni Loftssyni um S-Þing. Komum í Felleškóg, Sandhauga í Bárðardal og Fnjóskadal.

10.10 Fór með Snorra Sigurðssyni og Þórarni Benediktz í Kjarna og Vægli á Pelamörk.

05.11-08.11 Starfsmannafundur á Illugastöðum í Fnjóskadal.

07.11 Fór með Jóni Loftssyni að skoða nytjaskóga í Eyjafirði. Litum við hjá Oddi á Dagverðareyri.

13.11 Fór í Ásbyrgi til að huga að jólatrjám og með Benedikt Björvinesyni, ráðunaut í N-Þing., á Þórshöfn til að skoða land með heimamönnum.

16.11 Fór á fund á Akureyri með Ólafi Njálssyni og Grétari Unnsteinessyni út af Alaskaverkefni.

Sat alla fundi, sem haldnir voru í nytjaskóganefndum í Eyjafirði og S-Þing.

12.2. Ferðafólk.

Ferðafólki fór fjölgandi í Vaglakógi þetta sumar eins og undanfarin sumar og var metaðsókn í skóginn þetta sumar. Skráðar gistinguur voru alls 15.123 sem skiptust þannig eftir mánuðum: í júní 1.029, í júlí 9.621 og í ágúst 4.473.

Talið er að ekki hafi náðst að skrá alla, þegar mest var í skóginum. Aðstaðan er orðin mjög slæm, þegar fólk er orðið þetta margt og var mjög mikið kvartað yfir henni, bæði við okkur og í fjölmörgum, sem ekki er gott fyrir staðinn sem ferðamannastað. Tel ég að gera verði átak í að bata aðstöðuna verulega eða takmarka aðsókn í skóginn eða hreinlega loka sveðum þegar mest aðsókn er. Tekið skal fram, að keypt var 1 snyrtihús, með 4 snyrtingum, og verður það sett niður fyrir sumarið 1991, en hann leysir aðeins þörfina að hluta. Mjög slæm ungeni var á útivistaraveðinu í Vaglakógi um verslunarmannahelgina, og fór mikill tími í að þrifa eftir hana. Reynslan sýnir að þörf er orðin á naturvörslu á tjaldeveðum um helgar og þegar mest er af fólki, vegna unferðar og óléta.

Ekkert er farið að vinna eftir tillögum Yngva Loftssonar, landlagsarkitekts, sem sagt var frá í síðustu skýrslu, en vonast er til að það geti orðið í sumar, ef fé fæst til framkvæmda.

Tekjur af útivistarveði kr. 1.300.825.-. Laun og launatengd sjúld kr. 480.079.-, 694 vinnustundir. Annar kostnaður kr. 594.384.-.

12.4. Annað.

Ég vil minna á þá ályktun, sem samþykkt var á starfsmannafundi á Illugastöðum í nóvember, að ráða þarf umdæmisfulltrúa á Norðurland, en það tel ég mjög brýnt.

Ég vil svo að lokum þakka öllu samstarfsfólki mínu í undæminu, og á öllu landinu fyrir gott samstarf.

Vöglum, 23. mars 1991